

## REGLUGERÐ

### um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 frá 31. júlí 2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 840/2014 frá 1. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar.

#### 2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

#### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 6. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. september 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

Eggert Ólafsson.

**Fylgiskjal 1.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 743/2013****frá 31. júlí 2013****um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (<sup>1</sup>), einkum 1. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Endurskoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan, annaðist eftirfylgniúttekt í Tyrklandi til að meta opinbert eftirlit með framleiðslu fiskafurða og samloka sem ætlaðar eru til útflutnings til Sambandsins. Í úttektinni var komist að raun um að nokkrir annmarkar voru á framkvæmd opinbera eftirlitsins, einkum voru umtalsverðir ágallar á greiningum hjá þeim rannsóknarstofum sem heimsóttar voru. Af þessum sökum getur lögbært yfirvald í Tyrklandi ekki tryggt með áreiðanlegum hætti að heilbrigðiskröfum Sambandsins fyrir allar samlokur, sem fluttar eru út til Sambandsins, sé fullnægt.
- 2) Að auki hafa aðildarríki tilkynnt um mikinn fjölda sendinga af samlokum, sem eru upprunnar í Tyrklandi og eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem uppfylltu ekki örverufræðilega staðla Sambandsins.
- 3) Til að vernda heilbrigði manna þykir rétt að samlokur, sem eru upprunnar í Tyrklandi, gangist undir viðeigandi skoðanir til að koma í veg fyrir að afurðir, sem eru óhæfar til manneldis, séu settar á markað. Lögbær yfirvöld ættu að kyrrsetja sendingarnar, sem um er að ræða, á skoðunarstöð á landamærum þar sem þær koma inn í Sambandið, þangað til þeim berast niðurstöður slíkra skoðana.
- 4) Þar eð geymsluþol lifandi og kældra samloka er mjög lítið er ekki unnt að framkvæma prófanir við landamæri Sambandsins sem minna takmarkandi ráðstöfun í viðskiptum. Sendingar af þeim samlokum hefðu orðið óhæfar til manneldis áður en niðurstöður rannsóknarstofu lægju fyrir. Því þykir rétt að stöðva tímabundið innflutning til Sambandsins á lifandi og kældum samlokum, sem eru upprunnar í Tyrklandi, þangað til tyrknesk yfirvöld eru í stakk búin að leggja fram nauðsynlegar ábyrgðir.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um lifandi, kældar, frystar og unnar samlokur sem eru ætlaðar til manneldis og eru upprunnar í Tyrklandi.

2. gr.

Aðildarríkin skulu ekki leyfa innflutning til Sambandsins á lifandi og kældum samlokum frá Tyrklandi.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu framkvæma prófanir á sendingum af frystum og unnum samlokum, sem eru upprunnar í Tyrklandi, eins og kveðið er á um í 2. mgr., og nota til þess viðeigandi sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir.

Þessar prófanir skulu fara fram við skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar, sem um er að ræða, koma inn í Sambandið.

2. Aðildarríkin skulu framkvæma þær prófanir sem eru nauðsynlegar til að greina:

- a) mengun af völdum kólligerils í öllum sendingum af frystum samlokum,
- b) sjávarlífeitur í öllum sendingum af frystum eða unnum samlokum.

3. Sendingarnar sem gangast undir prófanir, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu vera áfram undir eftirliti lögbærra yfirvalda við viðkomandi skoðunarstöð á landamærum þar til niðurstöður úr þeim prófunum berast og eru metnar.

4. Ef prófanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., sýna fram á að líklegt sé að sending sé skaðleg heilbrigði manna skal lögbært yfirvald tafarlaust leggja hald á sendingarnar og eyða þeim.

4. gr.

Allur kostnaður sem stofnað er til við beitingu þessarar reglugerðar skal gjaldfærður á rekstraraðilann eða fulltrúa hans, sem ber ábyrgð á sendingunni, þegar þeirri sendingu er vísað fram á skoðunarstöð á landamærum þar sem hún kemur inn í Sambandið.

Nr. 847

22. september 2014

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 4. ágúst 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

**Fylgiskjal 2.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 840/2014**

frá 1. ágúst 2014

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 <sup>(2)</sup> var samþykkt þegar í ljós komu, við úttekt endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, annmarkar í Tyrklandi á framkvæmd opinbera eftirlitsins með framleiðslu á samlokum, sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, og þar eð aðildarríki tilkynntu um sendingar af samlokum, sem voru upprunnar í Tyrklandi og voru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem uppfylltu ekki örverufræðilega staðla Sambandsins.
- 2) Lögbær yfirvöld í Tyrklandi lögðu fram upplýsingar um þær ráðstafanir til úrbóta sem hafa verið gerðar til að ráða bót á annmörkum sem komu í ljós í eftirlitskerfi með samlokum sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins. Vegna þess hversu alvarlegir ágallarnir eru, sem komu í ljós við úttekt Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, er þó eftirfylgniúttekt Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar nauðsynleg áður en unnt er að íhuga afnám ráðstafananna. Enn fremur hafa aðildarríki tilkynnt um tiltekin tilvik þar sem samlokur, sem var framvísað til skoðunar á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingarnar koma inn í Sambandið, uppfylltu ekki örverufræðilega staðla.
- 3) Því ber að breyta gildistíma beitingar framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í annarri málsgrein 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 komi dagsetningin „4. ágúst 2015“ í stað „4. ágúst 2014“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 frá 31. júlí 2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis (Stjtið. ESB L 205, 1.8.2013, bls. 1).